

Júdit Jónbjörnsdóttir (1906-1995), kennari, Akureyri

2021/45

Júdit Jónbjörnsdóttir fæddist 10. desember 1906 í Köldukinn, Torfulækjarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu.

Foreldrar hennar voru Jónbjörn Gíslason f. 22.7.1879, d. 29.10.1969 og Ingibjörg Lárusdóttir Beck f. 18.6.1878, d. 16.5.1956.

Júdit átti systkini sem öll létust í barnæsku.

Hún stundaði nám í Kvennaskólanum á Blönduósi, Alþýðuskólanum á Laugum og lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands árið 1932. Hún sótti reglulega kennaranámskeið sér til endurmenntunar.

Faðir hennar yfirgaf hana og móður hennar til að flytjast til Kanada en skyldi eftir fjárhæð á bankabók í Reykjavík með þeim fyrirmælum að fjárhæðin ætti að nýtast henni til mennta, sem og hún gerði.

Árið 1933 hóf hún störf við Barnaskóla Siglufjarðar og vann þar til ársins 1945, þá réði hún sig til vinnu við Barnaskóla Akureyrar og starfaði þar til starfsloka árið 1970. Eftir það kenndi hún um tíma litlum börnum innan skólaskyldualdurs.

Hún var sérlegur stuðningsmaður Sólborgar á Akureyri og stofnaði árið 1969 styrktarsjóð sem hét „Vinarhöndin“. Hann átti að nýta til að stuðla að þroska vistmanna Sólborgar. Þegar Júdit flutti á elliheimilið Hlíð gaf hún sjóðnum húsið sitt og ánafnaði honum allar eigur sínar að henni látinni. Sjóðurinn fór síðar í vörslu Styrktarfélags vangefinna á Norðurlandi.

Hún hugsaði um móður sína til dauðadags og að henni látinni hafði Júdit samband við föður sinn í Kanada sem síðar fluttist til hennar og hugsaði hún einnig um hann þar til hann var allur.

Hún lést 21. janúar 1995 og var jarðsungen frá Akureyrarkirkju 27. janúar.

Afhendingin barst frá Herði Geirssyni, stafsmanni á Minjasafninu á Akureyri. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru nr. G-89/41 og 2019/83.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

19. nóvember 2024

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
----------	-------	-----	---------	------

2021 / 45

A-Júdit Jónbjörnsdóttir

A-Júdit Jónbjörnsdóttir

1930 - 1974

A	1	1	1930 - 1974	Kort; heillaóskaskeyti; bréf; boðskort.
---	---	---	-------------	---